

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 79/2007**

**frá 6. júlí 2007**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2007 frá 8. júní 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 1991/2006 frá 21. desember 2006 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(2)</sup>, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 27, 2.2.2007, bls. 11.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32006 R 1991**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1991/2006 frá 21. desember 2006 (Stjtið. ESB L 411, 30.12.2006, bls. 18), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 27, 2.2.2007, bls. 11.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1991/2006, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 27, 2.2.2007, bls. 11, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. júlí 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 4, og EES-viðbætur nr. 48, 11.10.2007, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 411, 30.12.2006, bls. 18.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.